

Heimilistölvan  
Tölvuskóli  
Borgartúni 29,  
sími 23280.



## TÖLVUNÁMSKEIÐ

Ný hraðnámskeið á smátölvur (microcomputers) hefjast um mánaðarmótin.

Námskeiðin eru sniðin fyrir alla þá sem vilja kynna sér og læra að hagnýta hina margvíslegu möguleika sem smátölvur hafa upp á að bjóða.

Námskeiðin eru stutt, efnismikil og samþjöppuð, og eftir 20 stunda nám hafa nemendur öðlast staðgóða grundvallarþekkingu á forritunarmálinu BASIC.

Engar sérstakar forkröfur eru gerðar til nemenda um tæknimenntun eða þekkingu á tölvum, og kennslan fer öll fram á íslensku.

Nú er rétta tækifærið til að læra meðferð tölva. Eftir örfá ár verða smátölvur komnar inn í hvert fyrirtæki og jafnvel inn á hvert heimili.

Sími Tölvuskólans er **23280**  
Innritun stendur yfir

OPIÐ HÚS sunnud. 27. jan. kl. 14.00—18.00  
Komið og kynnist starfsemi skólans af eigin raun.



Nókkir þeirra er fram koma á tónleikunum í kvöld, frá vinstri: Anna Málfríður Sigurðardóttir, undirleikari, Elísabet F. Eiríksdóttir, Krystyna Cortes undirleikari, Baldur Karlsson, Hrönn Hafliðadóttir, Þuríður Pálsdóttir, Jörunn Viðar undirleikari, Valgerður J. Gunnarsdóttir og Ásrún Davíðsdóttir, en á myndina vantar Pál Jóhannesson. Ljós. Emilia

### Myrkir músíkdagar:

## Nemendur Söngskólans kynna söngljóðagerð

Nemendur Söngskólans í Reykjavík og Þuríður Pálsdóttir sjá um tónleika í kvöld kl. 20:30 í Félagsstofnun stúdenta og eru það þriðju tónleikar í hátíðinni Myrkir músíkdagar. Þarna kynna þau íslenska söngljóðagerð í tali og tónum og hefur Þuríður Pálsdóttir tekið saman

efnisskrána og kynnrir hún jafnframt lög.

Áður en Tónlistarskólinn í Reykjavík tók til starfa og síðar Sinfóníuhljómsveitin, sömdu íslensk tónskáld einkum sönglög og kórlög, sem mörg lifa góðu lífi með þjóðinni í dag og er ætlunin að gera nokkra grein fyrir verkum þeirra tónskálda sem voru brautryðjendur tónsköpunar hér á landi og er nú farnir, einnig að sýna sönglagagerð í dag, segir m.a. í kynningu fyrir tónleikana.

Þuríður Pálsdóttir var í vikunni með nokkra nemendur Söngskólans að æfa fyrir tónleikana en Mbl. fékk að líta inn sem snöggvást og taka af þeim mynd. Koma fram á tónleikunum 6 einsöngvarar og þrjú undirleikarar þeirra. Þau eru komin mismunandi langt í söngnáminu en hafa komið fram áður við ýmis tækifæri.

Stiklað verður á stóru í þessari kynningu á íslenskum tónskáldum og er elstur höfundanna Sveinbjörn Sveinbjörnsson og yngstur Jörunn Viðar.

## Morgunblaðið símanúmer

RITSTJÓRN OG  
SKRIFSTOFUR:

**10100**

AUGLÝSINGAR:

**22480**

AFGREIÐSLA:

**83033**

Morgunblaðið



EF ÞAÐ ER FRÉTT-  
NÆMT ÞÁ ER ÞAÐ Í  
MORGUNBLAÐINU

### Enn í fremstu röð í skákinni 35 árum síðar

FJÓRUM umferðum er nú lokið af 11 á Skákþingi Reykjavíkur, en teft er eftir Monrad-kerfi í einum flokki og keppendur líðlega 80 talsins. 5. umferð verður teft í kvöld í Skákheimilinu við Grensásveg. Þá er einnig teft í unglingsflokki.

Fjórir skákmenn hafa unnið allar skákir sínar í mótinu til þessa, þeir eru Björn Sigurjónsson, TK, Guðmundur Ágústsson, TR, Jóhann Hjartarson, TR, og Haraldur Haraldsson, Mjölni. Nokkrir eru með 3½ vinning og margir með 3 vinninga, þannig að hart er barist. Þess má geta að Guðmundur Ágústsson, sem er meðal þeirra er verma efsta sætið, varð Reykjavíkumeistari í skák árið 1945 eða fyrir réttum 35 árum.

### Dale Carnegie námskeiðið

- ★ Meira hugrekki.
- ★ Stærri vinahópur.
- ★ Minni áhyggjur.
- ★ Meiri lífskraftur.

PERSONULEGUR  
PROSKI

STJÓRNUNARSKÓLINN  
Konráð Adolphsson  
Sími 82411  
Ný námskeið eru að hefjast.



Einar Baldvinsson listmálari við eitt af verkum sínum.

## Sýningu Einars lýkur á sunnudag

EINAR G. Baldvinsson opnaði sl. sunnudag yfirlitssýningu á verkum sínum á Kjarvalsstöðum. Einar sýnir þar myndir frá 20 ára

tímabili, alls 120 verk. Í gær höfðu 1200 manns séð sýningu Einars en henni mun ljúka n.k. sunnudag, 26. janúar.

## Ísland leggur 10 millj. til flóttamannahjálpar

RÍKISSTJÓRNIN ákvað á fundi sínum í gærdag að verða við tveimur beiðnum um framlög til brýnna líknarverkefna, sem borist hafa frá Poul Hartling, flóttamannafulltrúa Sameinuðu þjóðanna, að upphæð 25 þúsund bandaríkjadóllarar, eða sem nemur um 10 milljónum íslenskra króna.

Ríkisstjórnin ákvað að Ísland legði fram til hjálparstarfsins vegna flóttafólks frá Afganistan 18 þúsund dollara eða sem nemur

um 7,2 milljónum íslenskra króna og segir í frétt frá ríkisstjórninni að þessi fólksflótti eigi sér stað í fjallendi í vetrarhörkum og því sé þörf á matvælum, klæðnaði, sængurfatnaði og húsaskjóli.

Flóttamannahjálpar Sameinuðu þjóðanna hefur einnig tekið að sér að standa straum af heimflutningi flóttafólks til Zimbabwe-Rhódésíu frá nágrannalöndunum og hefur ríkisstjórnin ákveðið að Ísland leggi fram 7 þúsund dollara til þessa verkefnis en það er um 2,8 milljónir íslenskra króna.